

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu um byggingar utan skipulagðra byggingasvæða:

Liður	Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur		Loftlína	
		Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á stólpa
1.	25 1-fasa			1 200.00	1 600.00
2.	60 3-fasa			2 400.00	2 800.00
3.	60 3-fasa	3 800.00	220.00		
4.	100 3-fasa	4 900.00	250.00		
5.	200 3-fasa	9 900.00	410.00		
6.	350 3-fasa	17 400.00	560.00		

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notandalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Ýmis ákvæði.

- Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- Söluskattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 32. 24. janúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 19. janúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 77.

24. apríl 1970.

AUGLÝSING**um staðfestingu á skipulagsupprætti af Vík í Mýrdal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 22. þ. m. staðfest skipulagsupprætt af Vík í Mýrdal.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.